

Textílmennt		7. bekkur
Kennari: Þórunn Sigurðardóttir Tíma fjöldi: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn		
Menntagildi námsgreinar: Allir hafa hæfileika til að skapa. Í textílmennt fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska þann hæfileika, dýpka hann og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafl sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu. Nemendur þroskast í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfsþekkingu og finna hæfileikum sínum farveg. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið. Í textílmennt eru lykilþættirnir skapandi hugsun, sjálfstæði í vinnubrögðum og ábyrgð og mat á eigin námi þjálfaðir.		
Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Handverk	Nemandi getur: • notað aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum, • unnið úr nokkrum gerðum textílefna, • unnið eftir leiðbeiningum,	• Nemendur þjálfast í að nota áhöld sem tilheyra greininni. • Nemendur nota saumavélar. • Áhersla lögð á góð og vönduð vinnubrögð
Sköpun, hönnun og útfærsla.	• skapað sína eigin hönnun, • gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni,	• Nemendur hanna og sauma útsaumsverkefni sem er samþætt verkefni í smíði, vinna verkefni í saumavél sem er pennaveski úr endurunnu efni td. gallabuxum. • Nemendur vinna verkefni úr ull, þrjónaverkefni ofl
Menning og umhverfi	• sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt, sagt frá nokkrum tegundum textílefna • Notað ný og endurunnin efni í textílvinnu.	• Unnið er með íslensku ullina, umræður kennara og nemenda um uppruna hennar og notagildi. • Umræður um fatnað fyrr og nú. • Mismunandi textílefni skoðuð

Námsmat: Nemendur fá leiðsögn, hvatningu og endurgjöf á vinnu sína meðan á henni stendur. Í lok textíltímabils er lokamat skráð í Mentor.

Kennslugögn: Kennsluefni frá kennara.

Efni: javi, ullargarn, léreft, endurunnin efni, rennilás ofl.

Áhöld: Saumavélar, nálar, skæri, straujárn, títuprjónar, prjónar, litir ofl.

Verkefni:

Hanna munstur í sessu og saumað út krosssaumur úr grófu efni á skemil sem er gerður í smíði.

Pennaveski úr endurunnu efni

Frjálst verkefni; lyklakippa, krosssaumur, dúskar ofl.